

Stjórnarfundur Íþróttabandalags Hafnarfjarðar.

Haldinn 10. apríl 2018.

Staður: Skrifstofa 1. hæð Íþróttahúsinu við Strandgötu.

Hófst kl. 17.05 og lauk kl. 18.20.

Mætt: Hrafnkell Marinósson, Þórunn Ansnes, Hörður Þorsteinsson, Viðar Halldórsson, Magnús Gunnarsson og Ragnar Hilmarsson. Forföll: Jóhann Óskar Borgþórsson, Ingvar Kristinsson og Sveinn Sigurbergsson.

Dagskrá:

1. Samstarfssamningur ÍBH og Hafnarfjarðarbæjar drög 10. apríl 2018

Lagður fram til kynningar og umræðna. Afgreiðsla frestað til næsta stjórnarfundar ÍBH í byrjun maí nk.

2. Staðan á íþróttakynningum á Björtum dögum 2018

Prettán íþróttafélög/deildir ætla að vera með íþrótt- eða hreyfitengdaviðburði á Björtum dögum 18. – 22. apríl nk. Hafnarfjarðarbær auglýsir viðburðina nánar og ber að þakka öllum íþróttafélögum/deildum fyrir þeirra viðtökur og vinnuframlag við viðburðina.

3. Staðan á heilsueflingu eldri borgara

Nefndin um heilsueflingu eldri Hafnfirðinga og framkvæmdastjóri ÍBH hafa heimsótt æfingatíma hjá Janusi heilsueflingu í sambandi við verkefnið sem 180 einstaklingar voru teknir inn í. Verkefnið er stutt af Hafnarfjarðarbæ. Mikil ánægja er með verkefnið og gengur það ákaflega vel. Innleiðing verkefnisins tók 2. – 4. vikur og er henni lokið. Fyrsti hluti verkefnisins tekur 6 mánuði með þrjár æfingar með þjálfara ein þolæfing og tvær styrktaræfingar. Annar hluti verkefnisins tekur 6 mánuði með tvær æfingar með þjálfara ein þolæfing og ein styrktaræfing. Þriðji hluti verkefnisins tekur 6 mánuði ein æfing í viku með þjálfara, til skiptis ein þol- eða ein styrktaræfing. Fundur var haldinn í mars sl. með fulltrúum frá Félagi eldri borgara í Hafnarfirði og nefnd á vegum ÍSÍ um íþróttir fyrir 60 + um stofnun íþróttafélags eldri borgara í Hafnarfirði. Ef að stofnun slíks félags kæmi yrði það að vera undir sérsambandinu Íþróttir fyrir alla innan ÍSÍ. Aðilar voru sammála um það að ekki væri tímabært að stofna sér íþróttafélag fyrir aldraða að svo stöddu. Framkvæmdastjóri ÍBH kynni sér framboð á hreyfingu og íþróttum innan félagsstarfs eldri borgara í Hafnarfirði og er það fjölbreytt og til mikils sóma. Hafnarfjarðarbær styður gífurlega vel við hreyfiframboð í félagsstarfi eldri borgara í Hafnarfirði. Á komandi árum verða íþróttafélög í Hafnarfirði að huga að stofnun almenningsíþróttadeilda innan félaganna til að geta mætt aukinni eftirspurn eldri aldurshópa um hreyfiframboð með þjálfara í framtíðinni.

4. Staðan á myndasöfnun sögu ÍBH

Sögunefnd ÍBH er komin með textann úr 70 ára sögu ÍBH. Framkvæmdastjóri ÍBH er búin að skoða vefi með myndefni, sapur.is, myndverk.is/itrottir, ljosmyndasafn.reykjavik.is og ræða við aðila sem eiga myndir úr íþróttastarfinu í Hafnarfirði. Þeirri vinnu verður haldið áfram í apríl. Aðilar sammála um að velja

myndir úr starfinu sem eru grípandi og leita einnig til aðildarféлага ÍBH um að velja u.þ.b. 10 myndir úr starfinu hjá sér og afhenda ÍBH til birtingar í vefútgáfu sögunnar.

5. Tímaúthlutunarnefnd ÍBH 2018

Skipa eftirtaldir aðilar:

Hörður Þorsteinsson fyrir hönd Badmintonfélags Hafnarfjarðar

Atli Már Sigurðsson fyrir hönd Dansíþróttafélags Hafnarfjarðar

Ívar Ásgrímsson fyrir hönd Knattspyrnufélagsins Hauka

Viðar Halldórsson fyrir hönd Fimleikafélags Hafnarfjarðar

Þröstur Erlingsson fyrir hönd Íþróttafélagsins Fjarðar

Ingvar Kristinsson fyrir hönd Fimleikafélagsins Björk.

Fyrsti fundur nefndarinnar er föstudaginn 13. apríl nk. kl. 16.00.

6. Íþróttagreinin sambo

Í byrjun mars sl. barst skrifstofu ÍBH kynningarbréf um íþróttagreinina sambo og upplýsingar um stofnfund félags um sambo. Um miðjan mars fór fram kynning á sambo í íþróttahúsi Setbergsskóla. Sambo er ekki viðurkennd íþróttagrein hjá Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands. ÍBH óskaði eftir viðurkenningu á íþróttagreininni hjá Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands. Bréf frá ÍBH þess efnis var tekið fyrir í framkvæmdastjórn ÍSÍ 15. mars sl. og er í vinnslu. Næsti fundur í framkvæmdastjórn ÍSÍ er 26. apríl nk.

7. Ferðastyrkir íþróttafélaga 2017 frá ÍSÍ

Styrkir til íþróttafélaga úr Hafnarfirði voru samtals kr. 2.869.112, alls sóttu sex íþróttafélög úr Hafnarfirði um styrki. Haukar fengu hæðstu upphæðina kr. 2.688.661. ÍSÍ úthlutaði samtals 127 milljónum króna. Íþróttabandalag Akureyrar fékk hæðstu upphæðina kr. 29.993.437. Hægt er að sækja um ferðastyrki íþróttafélaga einu sinni á ári. Umsóknargátt á vefsíðu ÍSÍ er opin frá desember til janúar þ.e. í rúman mánuð. ÍSÍ skilgreinir styrkhæfar ferðir í samvinnu við viðkomandi sérsamband. Öll íþróttafélög og deildir þeirra eru hvattar til að sækja um styrkhæfar ferðir.

8. Samningur ÍSÍ og Air Iceland Connects (AIC)

Lagður fram til kynningar. Samningurinn gildir til 1. febrúar 2019.

Íþróttahópar munu bóka eins og áður í gegnum hópadeild AIC.

Breytingar eru á bókunum einstaklinga. Þær bókanir eru nú í höndum félaganna sjálfra í gegnum bókunarsíðu AIC. Til að virkja afslátt fyrir einstaklingsbókanir þarf að fá inneignarnúmer (kóða) á skrifstofu ÍSÍ. Hvert inneignarnúmer jafngildir 2.500 króna inneign. Einungis er hægt að nota eitt inneignarnúmer á fluglegg.

Íþróttafélög eru beðin um að kynna sér nýja samninginn vel og panta flugferðir tímanlega.

9. Reglur Hafnarfjarðarbæjar um niðurgreiðslur í íþróttir og tómstundir fyrir 67 ára og eldri

Lagðar fram til kynningar. Reglurnar tóku gildi 1. janúar sl. og voru samþykktar í Fjölskylduráði Hafnarfjarðar 9. mars 2018 og í Bæjarstjórn 14. mars 2018.

10. Reglur Hafnarfjarðarbæjar um niðurgreiðslur í íþróttir og tómstundir fyrir 6-18 ára

Lagðar fram til kynningar. Reglurnar tóku gildi 1. janúar sl. og voru samþykktar í Íþróttá- og tómstundanevnd 31. janúar 2018 og í Fræðsluráði Hafnarfjarðar 7. mars 2018.

11. Heimsmarkmiðin – Markmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun

Lögð fram til kynningar. Um er að ræða 17 markmið og er stefnt að því að ná þeim í síðasta lagi 2030. Markmið 3 fjallar um heilsu og vellíðan. Hafnarfjarðarbær tók þátt í ráðstefnu í mars sl. í Háskóla Íslands um heimsmarkmiðin og kynnti heilsueflandi sveitarfélag. Hægt er að skoða markmiðin undir vefslóðinni <https://www.un.is/heimsmarkmidin>.

12. Önnur mál

a). MG minnti á vígslu á nýjum íþróttasal á Ásvöllum fimmtudaginn 12. apríl nk. kl. 17.00.

b). VH greindi frá því að hann hefði verið kosinn í nefnd hjá ECA sem er samband knattspyrnufélaga í Evrópu (Subdivision Representatives to the ECA Executive Board). Samtökin eru viðurkennd af UEFA og samanstanda af yfir 200 félögum þar á meðal FH og KR. Íþróttabandalag Hafnarfjarðar óskar Viðari til hamingju með kjörið.

c). HÞ spurði VH um tilboðin í knatthús í fullri stærð í Kaplakrika sem bærust til Hafnarfjarðarbæjar í mars sl. VH talaði um að þrjú tilboð hefðu borist á verðbilinu frá 1102 til 1153 milljóna króna, þar fyrir utan þarf að reikna með u.þ.b. 100 milljónum króna til að ganga frá grasæfingasvæði.

Fundarritari: Elísabet Ólafsdóttir framkvæmdastjóri ÍBH.